

Tinova Traditional Allround Oil

Pallaolía



Efnislýsing

Tinova Traditional Allround Oil er pallaolía sem hefur einstaka eiginleika til að smjúga vel inn í við og hindrar þannig rakaupptöku, minnkar sprungumyndun og viðheldur náttúrulegu útliti viðarins. Tinova Traditional Allround Oil er ætluð til notkunar á mismunandi tegundir viðar utanhúss og fæst glær og í mörgum litum.

Meðhöndlun

1. Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viðnum). Gráma, fúa, óhreinindi og gamla olíu skal þússa niður í ferskan við eða þvo með Tinova Wood Cleaner. Skolið hreinsiefnið vel af með vatni. Nýr þrýstífúavarinn viður þarf að þorna vel (ekki síst viður sem hefur legið í miðjum stafla) og standa í nokkrar vikur áður en hann er olíuborinn.
2. Látið flötinn þorna áður en Tinova Traditional Allround Oil er borin á.
3. Berið á eina til tvær umferðir af Tinova Traditional Allround Oil; þörfin veltur á því hve vel viðurinn mettast. Athugið að mikilvægt er að þurrka burt umframolíu eftir 10-20 mínútur svo ekki myndist filma á viðnum. Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast að búa til færsluskil (aukalitstyrk) á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun.
4. Þegar litstyrkurinn er orðinn nægilegur skal velja minni litstyrk eða jafnvel glært næst þegar borið er á flötinn.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan fárra klukkustunda eftir lok verks. Málið aldrei þegar hitastig er undir 5°C eða við hátt rakastig (>80%).

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll; skilið þeim til endurvinnslustöðva ásamt tónum umbúðum. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Alkýðolía

Þurrefni: 45%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 8 klst.

Yfirmálun: 16 klst.

Hiti við málun: minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörrakastig 65%

Þynning: Hreinsuð terpentína

Verkfæri: Penslar, kústar, rúllur

Þekja: 8-10 fermetrar pr. lítra á nýjan við, 10-12 m² á við sem áður hefur verið borið á

Pakkningar: 1, 2,5 og 5 lítra dósir

Hreinsun: Hreinsuð terpentína

Geymsla: Í frostfríu rými

Umhverfi

Tinova Traditional Allround Oil er merkt FSC, sem vottar um samstarf og aðild að stjórnum skóga með sjálfbærum hætti.

